



459.fundur Þingvallanefndar
25. september 2019
Skrifstofa Þingvallanefndar
Austurstræti 12. kl 11.30

Mættir: Ari Trausti Guðmundsson, Vilhjálmur Árnason, Líneik Anna Sævarsdóttir, Karl Gauti Hjaltason og Guðmundur Andri Thorsson.

Auk þeirra sat fundinn Einar Á. E. Sæmundsson og Fanney Einarsdóttir sem ritaði fundargerð. Gestir: Guðjóna Björk Sigurðardóttir og Hildur Hafsteinsdóttir sem forfallast sökum veikinda

Ari Trausti setur fund

Dagskrá fundar:

1. Almennt yfirlit yfir rekstur, framkvæmdir og fjármál. Gestir: Guðjóna Björk Sigurðardóttir rekstrarstjóri.

Þjóðgarðsvörður fjallar almennt um starfsemi og helstu framkvæmdir sem farið hefur verið í. Framkvæmdir sem fjármagnaðar eru af innviðaaáætlun hafa gengið ágætlega og allar staðist áætlanir. Deiliskipulagsvinna er hafin en teiknistofan Landslag vinnur verkið. Teikningar af útsýnispalli við Hrafnagjá kynntar. Útboð á salernum í þinghelgi hefur tafist vegna annmarka á lóðastofnunum en það er þó að komast í réttan farveg og stefnt að útboði síðar í haust.

Rekstur þjóðgarðsins frá áramótum til júní var jákvæður um 20 milljónir núna í júlí. Gerð rekstraráætlunar fyrir 2020 er í undirbúningi.

Guðjóna Björk Sigurðardóttir fer starfsemi, sölu og rekstur í verslunum og starfsmannamál. Fjallar um samstarf við HSU um neyðarviðbragð í þjóðgarðinum og um öryggi og viðbragðsáætlun sem unnið hefur verið að.

Þingvallanefnd þakkar fyrir góða kynningu.

2. Opnun Gjábakkavegar - lokun Vallavegar og þungatakmarkanir.

Formaður og þjóðgarðsvörður ræddu um opnun Gjábakkavegar og hvernig staðið var að verki. Almenn ánægja með verkið. Þjóðgarðsvörður nefndi að breyting á veginum við vatnið í botnlanga við Hallvík hafi verið mjög lengi til sem hugmynd. Þingvallanefnd stefndi að þessari lokun þegar vegurinn var fyrst lagður 1974 en svo varð ekkert úr framkvæmdum fyrr en nú árið 2019 þegar endurbótum á Þingvallaveginum lauk. Unnið verður að frekari útfærslu á lokuninni. Þjóðgarðsvörður ítrekar að þetta sé mjög mikilvæg breyting sem miðar að því að fá betri stjórn á umferð um þinghelgina en einnig að til bæta umhverfisöryggi við vatnið vegna mengunarslysa en ekki síst til að þeir sem þar fari munu njóta meiri friðar og betri náttúrupplifunar við vatnið.

Formaður ítrekar að hámarkshraði verði enn 50 km og vegurinn sé hugsaður til fólksflutninga en ekki þungaflutninga einsog áður. Í reglugerð um þjóðgarðinn á Þingvöllum kemur fram að öll umferð olíuflutningabíla sé bannaður um þjóðgarðinn og í reglugerð um verndun vatnasviðs Þingvallavatns kemur fram að þungaflutningar séu bannaðir. Þingvallanefnd lýsir ánægju sinni með verkið.

3. Bréf frá Heimsmínjaskrifstofu UNESCO vegna Silfru og Gjábackavegar.
Lögð fram bréf frá heimsmínjaskrifstofu UNESCO vegna framkvæmda við Gjábackaveg og vegna ferðapjónustu í Silfru. Þjóðgarðsvörður gerir grein fyrir efni bréfa. Þjóðgarðsverði var falið að vinna drög að svörum til heimsmínjaskrifstofu og kynna fyrir Þingvallanefnd.
4. Fréttir af stöðu mála gagnvart Capacent og ráðningu þjóðgarðsvarðar.
Þjóðgarðsvörður vék af fundi. Ari Trausti gerði grein fyrir því áliti lögfræðings Þingvallanefndar að best færi á því að embætti ríkislögmanns sæi um samninga við Ólínu K. Þorvarðardóttur vegna kröfu hennar um miskabætur vegna úrskurðar kærunefndar jafnréttismála, tengdan ráðningu þjóðgarðsvarðar. Ari Trausti bar undir nefndarmenn hvort fyrir þessu lægi samþykki nefndar. Var það samþykkt.
Umræður urðu að þessu loknu um ábyrgð formanns í tilefni af úrskurði kærunefndar jafnréttismála.
5. Önnur mál.
Endurnýjaður samningur við HSU um staðsetningu sjúkraflutningamanns á Þingvöllum. Þingvallanefnd styður samninginn og gefur þjóðgarðsverði heimild til að ganga frá samningunum.
Níutíu ára afmæli þjóðgarðsins. Þjóðgarðsvörður nefnir við Þingvallanefnd að á næsta ári verður þjóðgarðurinn á Þingvöllum 90 ára og því vilji hann taka þetta fyrir í haust að skipuleggja vel næsta ár til minnst þessara merku tímamóta.